

7. BEKKUR 2013

GEYMIST Í SKÓLA

ÍSLENSKA

# SAMRÆMT KÖNNUNARPRÓF

## HEFTI II

Nafn: \_\_\_\_\_

Bekkur: \_\_\_\_\_

Skóli: \_\_\_\_\_

- Merktu prófheftið og svarblaðið með nafni þínu, bekk og skóla.
- Athugaðu hvort upplýsingar í reitnum efst til hægri á svarblaði eigi við þig.
- **Svaraðu fjölvalsspurningum á svarblaðið.**
- Notaðu svartan eða bláan penna. Notaðu ekki tússpenna.
- Settu kross í reitinn , ekki fylla alveg í reitinn .
- Vandaðu frágang. Gangi þér vel.

## Lesskilningur

Lestu textabrotið um **Gissur á Botnum** og svaraðu spurningunum.

Í fyrndinni bjuggu tröllkonur tvær, önnur í Bjólfelli en hin í Búrfelli. Þær voru systur og féll vel á með þeim. Fór því tröllkonan úr Búrfelli oft að hitta systur sína austur yfir Þjórsá og Rangá, austur í Bjólfell, og eins má ætla að systir hennar úr Bjólfelli hafi gjört þótt þess sé ekki getið.

Búrfell er mjög klettótt og vegghamrar í öllum eggjum þess. Austan undir því miðju hér um bil eru klappir tvær sín hvorum megin Þjórsár, ekki allháar, og upp úr ánni milli klappanna standa tveir klettur á móta háir og klappirnar svo að áin fellur þar í þrem kvíslum. Þessar stillur er sagt að tröllkonan úr Búrfelli hafi sett í Þjórsá svo að hún þyrfti ekki að væta sig í fætturna er hún fór að finna systur sína og stokkið þar yfir ána í þremur hlaupum. Heita nú klettur þessir síðan Tröllkonuhlaup.

Í Landsveit er bær einn heldur framarlega er Botnar heita en þó almennt nefndur Lækjarbotnar. Þar bjó í þann tíma er þessi saga gjörðist bóndi sá er Gissur hét.

Einhvern tíma hafði hann farið um sumar inn á afrétti til veiða og hafði hest í togi. Þegar hann þóttist hafa aflað nóg upp á hestinn tekur hann sig upp að innan og heldur heimleiðis. Ekki segir neitt af ferðum hans fyrr en hann kemur fram á Kjallakatungur gegnt Tröllkonuhlaupi. Heyrir hann þá kallað var í Búrfelli með ógurlegri rödd: „Systir, ljáðu mér pott.“

Er þá gegnt aftur jafnógurlega austur í Bjólfelli og sagt: „Það er ekki gott.

Hvað vilt þú með hann?“

Þá segir tröllkonan í Búrfelli:

„Sjóða í honum mann.“

Þá spyr hin í Bjólfelli: „Hver er hann?“

Hin svarar: „Gissur á Botnum,

Gissur á Lækjarbotnum.“

Í því verður Gissuri bónda litið upp í Búrfell og sér hann þá að tröllkonan ryðst ofan eftir hlíðinni og stefnir beint ofan að Tröllkonuhlaupi. Þykist hann þá sjá að hún muni ætla að gjöra alvöru úr hjali sínu og ekki muni seinna vænna fjöri að forða.

Sleppir þá Gissur taumnum á klyfjahestinum en slær upp á þann er hann reið er var afbragðs léttleikaskepna. Gissur gjörir hvorki að líta aftur né lina á hestinum og reið allt hvað hann mátti komast. En það þykist hann þó skilja að saman muni draga með tröllkonunni því æ heyrði hann betur og betur andköf hennar á hlaupinu. Hann heldur beinustu leið fram þvert Land og tröllkonan á eftir. En það vildi Gissuri til að Klofamenn sáu heiman að frá sér ferð hans og tröllkonunnar er þau komu á Merkurheiði.

Brugðu þeir þá skjótt við því þau bar brátt að og hringdu öllum kirkjuklukkunum í Klofa er Gissur slapp inn fyrir túngarðinn. Þegar tröllkonan missti af Gissuri kastaði hún exi sinni eftir honum svo að þegar hann kom heim á hlað féll hesturinn dauður niður undir honum en öxin var sokkin upp að auga í lend hestsins.

Þakkaði þá Gissur guði fagurlega lausn sína. En það er frá tröllkonunni að segja að henni varð svo bilt við er hún heyrði klukkahljóðið að hún ærðist og tók aftur á rás af öllum mætti. Sáú menn til ferða hennar af ýmsum bæjum á Landinu og stefndi hún miklu austar en til átthaga sinna því hún hélt skáhallt austur og upp, að sjá á Tröllkonugil, og þar fannst hún sprungin fáum dögum síðar. Dregur gilið af því nafn og heitir síðan Tröllkonugil.

**31. Hvernig var samskiptum systranna háttað?**

- A Milli þeirra ríkti samkeppni.
- B Þeim var vel til vina.
- C Þær héldu samskiptum í lágmarki.
- D Þær vantroystu hvor annarri.

**32. Til hvers setti tröllkonan úr Búrfelli steina í Þjórsá?**

- F Hún vildi verða fljótari yfir ána.
- G Hún þorði ekki að stökkva yfir.
- H Til að hún blotnaði ekki.
- I Til að verjast óvinum sínum.

**33. „Er þá gegnt aftur.“ Í orðabók stendur: gegna: 1 ansa, svara; 2 hlýða; 3 samsvara; 4 rækja, sinna. Í hvaða merkingu er orðið notað í textanum?**

- K merkingu 1
- L merkingu 2
- M merkingu 3
- N merkingu 4

**34. Hin svarar: „Gissur á Botnum...“ Hver er „hin“?**

- P Bóndakonan í Klofa.
- R Eiginkona Gissurar.
- S Tröllkonan í Bjólfelli.
- T Tröllkonan í Búrfelli.

**35. Gissur bóndi gerði sér grein fyrir að hann væri í lífshættu þegar hann**

- V heyrði tröllkonurnar kveðast á.
- X kom inn á afréttinn.
- P lagði af stað heim á leið.
- Æ sá tröllkonuna koma æðandi.



**36. Út frá andköfum tröllkonunnar ályktaði Gissur að hún væri**

- A að gefast upp.
- B að ná honum.
- C langt á eftir honum.
- D orðin lafmóð.

**37. Hvers vegna missti tröllkonan af Gissuri?**

- F Hliðinu var lokað á nef hennar.
- G Hún komst ekki yfir túngarðinn.
- H Hún óttaðist heimilisfólkið í Klofa.
- I Kirkjuklukkunum var hringt.

**38. Af hverju er gilið nefnt Tröllkonugil?**

- K Þar bjó tröllkonan.
- L Þar drapst tröllkonan.
- M Þar henti tröllkonan öxinni.
- N Þar rakst tröllkonan á Gissur.

**39. Sagan segir frá**

- P flóttu Gissurar undan tröllkonu.
- R samskiptum tveggja tröllkvenna.
- S veiðiferð Gissurar í óbyggðum.
- T viðureign tveggja tröllkvenna.

**40. Saga þessi hefur einkenni**

- V skáldsögu.
- X smásögu.
- Þ þjóðsögu.
- Æ ævintýris.



Borgarvirki er blágrýtisstapi sem rís yfir flatneskjuna í Húnabingi upp í 177 metra hæð milli Vatnsdals og Víðidals og er því hærra en Himmelbjerget í Danmörku. Af Borgarvirki er frábær útsýn yfir nærsveitirnar og vötnin stóru, Hópið og Sigríðarstaðavatn, sem setja svip á umhverfið.

Borgarvirki er að hluta til úr stuðlabergi en grjóthleðslur eru á brúnum stapans sem varna mönnum uppgöngu. Frá náttúrunnar hendi er stór dæld í stapann sem opnast til austurs og er hún einnig að mestu lokuð með hleðslum. Inni í dældinni eru húsarústir fornar og við þær hola sem talin er hafa verið brunnur. Af hleðslum og rústum hafa menn dregið þá ályktun að hér sé um fornt héraðsvirki að ræða allt frá landnámsöld og þar hafa menn getað varist árasum í langan tíma þótt við ofurefli væri að etja.

Borgarvirki er samt fræðimönnum talsverð ráðgáta því þrjár Íslendingasögur gerast í næsta nágrenni þess og engin þeirra minnst orði á virkið. Þetta eru Finnboga saga ramma, Heiðarvíga saga og Vatnsdæla saga. Allgömul munnmæli eða héraðssögn segir að Barði Guðmundsson í Ásbjarnarnesi hafi látið hlaða virkið til þess að verjast herhlaupum Borgfirðinga og búið þar um sig eftir vígin í Tvídægru sem Heiðarvíga saga greinir frá.

Sömu munnmæli og ratað hafa á bækur fornar herma að Borgfirðingar hafi sótt að Barða og mönnum hans í virkinu og sótt nokkrum sinnum að þeim en ekki fengið að gjört. Ætluðu þá borgfirskir að svelta virkismenn og sátu í hálfan mánuð um virkið. Er sagt að Barði hafi þá látið menn

sína kasta út til umsátursmanna sinna síðustu matarögn, sem var mörsiður. Töldu Borgfirðingar þá auðsætt að virkismenn ættu nægan matarforða og sneru frá og héldu til síns heima.

Þetta er fín saga og hetjuleg og engin ástæða til að gera sér rellu út af því hvort þetta er þjóðsaga eður ei heldur kaupa kepp af lifrarpylsu í nesti og borða á brúnum Borgarvirkis, Barða í Ásbjarnarnesi til heiðurs.

Ferðamaður sem reikar um veggi og hleðslur virkisins í dag getur trúað því sem hann vill eða sett fram sínar eigin kenningar. Hafa ber í huga að núverandi hleðslur voru endurreistar um miðja 20. öld af slyngum hleðslumönnum en þegar landkönnuðir og vísindamenn á 19. öld skoðuðu Borgarvirki voru hleðslurnar mikið til hrundar. Auðvitað getur því vel verið að vaskir og velfóðraðir Húnvetningar á 20. öld hafi ekki aðeins endurreist fornar hleðslur heldur hafi bætt lagi aukalega ofan á veggina sem enginn vissi hvað höfðu verið háir hvort sem var.

En það er frábærlega gaman að heimsækja Borgarvirki og ganga þar um brúnirnar og íhuga herfræði og bardagalist. Hvernig klífur maður grjótvegg í hringabrynju með öxi og skjöld? Ferðamaður verður að finna víkinginn í hjarta sér til að upplifa heimsóknina til fulls og svara spurningum eins og þessari. Svo er hægt að þrasa við samferðamenn sína um sannleiksgildi fornsagna og munnmæla alla leiðina að næsta landnámsbæ eða vettvangi vígaferla.

*(Páll Ásgeir Ásgeirsson, 2008, 101 Ísland – Áfangastaðir í alfaraleið)*

**41. Af textanum má ráða að umhverfis Borgarvirki sé**

- A dalur.
- B hagi.
- C mói.
- D slétta.

**42. Hvað merkir orðið „stapi“?**

- F heysáta
- G hóll
- H klettur
- I veggur

**43. Steinhleðslur Borgarvirkis voru gerðar til að**

- K auka á fegurð útsýnisins.
- L betra yrði að koma sér fyrir.
- M það sjáist betur langt að.
- N það yrði betra til varnar.

**44. Hvers vegna hafa fræðimenn velt vöngum yfir virkinu?**

- P Ekkert vatnsból er að finna þar.
- R Ekki er minnst á það í Íslendingasögum.
- S Engin mannabein hafa fundist þar.
- T Enginn getur varist þar.

**45. Hvað eru „munnmæli“?**

- V lygasögur
- X orðrómur
- P spakmæli
- ✿  Æ staðreyndir

**46. Borgfirðingar hugðust sigra Barða og hans menn með því að**

- A gera leifturárás á þá.
- B kasta í þá sláturkeppum.
- C senda njósnara inn í virkið.
- D sitja um virkið dögum saman.

**47. Hvers vegna köstuðu menn Barða síðustu matarleifunum út?**

- F Maturinn var orðinn skemmdur.
- G Til að sýnast vel birgir af mat.
- H Til að sýnast meiri en Borgfirðingar.
- I Þeir vildu lítillækka óvinina.

**48. Hvers vegna skyldu ferðalangar hafa með sér lifrarpylsu í Borgarvirki?**

- K Hún var borðuð þar til forna.
- L Nesti bragðast betur utandyra.
- M Til að heiðra minningu Barða.
- N Það hefur lengi verið til siðs.

**49. Hvers vegna er gaman að koma í Borgarvirki að mati höfundar?**

- P Hleðslurnar eru svo vel gerðar.
- R Munnmælasögur fást staðfestar.
- S Það er gaman að ganga á brúnunum.
- T Það ýtir undir ímyndunaraflið.

**50. Frásögnin er um**

- V jarðfræði Norðurlands.
- X munnmæli og sögusagnir.
- P sögu lands og þjóðar.
- ✿  Æ sögufrægan stað á Norðurlandi.

Þegar Moníka tók að stálpast, varð það helsta starf hennar um skeið að gæta þeirra systkina sinna, sem voru nokkrum árum yngri. Voru það þau Sigríður og Hjálmar. Hún gegndi þessum skyldustörfum af samviskusemi, en þó vildi það koma fyrir, að hún gleymdi sér við annað.

Sumarið 1910 gætti hún Hjálmars, sem fæðst hafði árið áður, varð þá ærið oft að hírast í bænum, þegar allir aðrir voru úti við, en fór með drengnum út á tún, þá er veður var hlýtt og þurrt.

Dag einn síðla sumars voru þau sem oftast ein heima, Moníka og Hjálmar litli. Var fólkið við heypurrkun skammt fyrir utan túnið. Þegar Hjálmar hafði sofið miðdegisblund, fór Moníka með hann út, enda var veður iðilgott, sólskin og hæglætis gola. Hún setti hann í grasið, og velti hann sér þar um hríð, reytti upp strá og blóm, horfði á þetta og hjalaði kátt. Moníka leit annað veifið til fólksins, foreldra sinna og systkina, og varð ekki sagt, að hún yndi vel hag sínum. Þarna voru stærri systkinin hvert með sína hrífu, og þau minni léku sér í heynu. En ekki var til neins að ergja sig yfir sínu hlutskipti. Moníka hafði þó ekki ró í sér að sitja lengi aðgerðalaus á sama stað. Hún tók drenginn, hélt af stað með hann í fanginu og setti hann loks upp á túngarðinn. Utan við garðinn var skurður. Honum hallaði talsvert, og rann eftir honum lækjarsytra. Á einum stað höfðu krakkarnir komið fyrir allstórri og þykkri hellu og búið til fyrir neðan hana svolitla kvos. Þarna hafði því myndast buna og sporöskjulagaður hylur.

Moníka fékk Hjálmari litla rauða steina, sem hann tók að handleika, bera í munn sér og velta í grasinu. Hún brá sér síðan

út fyrir garðinn, stökk yfir skurðinn, settist niður og stakk hendinni undir bununa, lét hana klofna í fingrum sínum og horfði á hin marglitu ljósbrot. Hún lokaði augunum, opnaði þau örlítið, sá ljósbrotin breyta um lit og form og hafði af þessu mikið yndi.

En skyndilega hrökk hún við. Hún hafði heyrt hávært skvamp. Hjálmar litli hafði steypt sér út af garðinum og lent á höfuðið í hylinn. Moníka spratt á fætur, greip í drenginn, hreif hann upp úr vatninu og hallaði honum að brjóstinu á sér. Hann saup hveljur, og út um nef og munn komu vatnsgusur. Svo rak hann upp mjög hávært angistarvein. Á botni hylsins var rauður, límkenndur leir. Hann hafði klínst á andlit drengsins og í hár honum. Moníka neri það mesta framan úr bróður sínum og sá, að hann virtist ómeiddur. Hún stökk með hann yfir skurðinn, klifraði upp á garðinn, vippaði sér inn yfir hann og hljóp eins hratt og hún gat í áttina til bæjar. Hjálmar litli grét hástöfum, en hún hvíslaði að honum blíðuorðum, og brátt rénaði gráturinn.

Moníka fór inn um bakdyr bæjarins og skaust með drenginn inn í eldhús. [...] Því næst stökk hún fram, en kom fljótlega inn aftur með sápu og handklæði og vatn í fati. Síðan tók hún að þvo drengnum. Henni gekk vel að ná framan úr honum, en úr hárinu, - rauði liturinn vildi ekki hverfa, hvernig sem hún neri og nuddaði. [...]

Drengurinn, sem hafði verið hættur að gráta, hóf nú aftur sönginn, kunni illa þessu sífellda vatnssulli og nuddi, en Moníka lét sér ekki segjast. Hún ætlaði að ná leirnum úr hárinu á litla bróður. Svo var það allt í einu, að henni fannst einhver vera að horfa á hana. Hún leit upp, og henni féllust hendur. Á glugganum, sem blasti

við henni, sá hún andlit móður sinnar, og það andlit .... var ekki með reiðisvip, heldur brosandí út undir eyru.

Þó að móðirin væri góðan spöl í burtu, hafði hún öðruhverju gefið þeim auga, Moníku og Hjálmari litla. Hún hafði séð Moníku þjóta til bæjar og hverfa að húsabaki, hafði þóst vita, að hún væri með drenginn í fanginu. Að henni hvarflaði þá ótti um það, að eitthvað alvarlegt hefði

**51. Hvaða setning lýsir best barnfóstrustörfum Moníku?**

- A Hún átti það stundum til að gleyma sér.
- B Hún hafði gaman af slíkum störfum.
- C Hún reyndi alltaf að koma sér undan þeim.
- D Hún var alltaf gætin og samviskusöm.

**52. Hvers vegna varð Moníku stundum litið til fólksins á engjunum?**

- F Hana langaði að vera með hópnum.
- G Henni fannst gaman að fylgjast með þeim.
- H Hún ætlaði að reyna að stinga Hjálmar af.
- I Hún ætlaði að reyna að skjótast til þeirra.

**53. Af hverju setti Moníka Hjálmar upp á túngarðinn?**

- K Hún vildi fá frið til að leika sér.
- L Hún vildi gera eitthvað fyrir hann.
- M Þar var hann í minnstri hættu.
- N Þar vildi hann helst vera.

orðið að drengnum, og svo fleygði hún hrífunni og hraðaði sér heim. [...]

Moníka fékk ekki snuprur, hvað þá harðar ávítur. En móðir hennar bað hana að hafa betur gát á drengnum framvegis og leiddi henni fyrir sjónir, að verr hefði getað farið í þetta sinn en raun hafði orðið á.

*(Guðmundur Gíslason Hagalín, 1954, Konan í dalnum og dæturnar sjö)*

**54. Við hvað fór Moníka að dunda sér?**

- P Hún horfði á ljósið í vatninu.
- R Hún raðaði rauðum steinum.
- S Hún skoðaði glerbrot í vatninu.
- T Hún stíflaði litla lækinn.

**55. „Hann saup hveljur ...“ merkir að hann**

- V fékk að drekka.
- X fór óvarlega.
- P snýtti sér.
- ✿  Æ tók andköf.

**56. Hvað gerði Moníka á heimleiðinni?**

- A Hún hlýjaði bróður sínum.
- B Hún huggaði bróður sinn.
- C Hún sagði bróður sínum sögu.
- D Hún þvoði bróður sínum.

MUNIÐ EFTIR BAKSÍÐUNNI

**57. Hvernig reyndi Moníka að fela það sem hafði gerst?**

- F Hún hljóp inn í bæ.
- G Hún huggaði Hjálmar.
- H Hún þurrkaði föt Hjálmars.
- I Hún þvoði Hjálmari.

**59. Sagan fjallar um**

- P augnabliks óaðgætni.
- R erfiða barnagæslu.
- S fólk í heyskap.
- T sumarstörf í sveit.

**58. Hvað gerði móðirin þegar heim kom?**

- K Hún hló að tilburðum Moníku við þvottinn.
- L Hún lét Moníku lofa því að bæta sig.
- M Hún sagði Moníku til syndanna.
- N Hún útskýrði mögulegar afleiðingar mistaka.

**60. Hvað kennir frásögnin okkur?**

- V Að fylgja eigin sannfæringu.
- X Að sinna því sem manni er trúað fyrir.
- P Að sýna öðrum umburðarlyndi.
- ✿  Æ Að viðurkenna eigin yfirsjónir.